

Föstudaginn 8. apríl 1949.
 Nr. 43/1949. **Réttvísinn** (Einar Ásmundsson)
 gegn
Pálma Gunnari Kristinssyni
 (Lárus Jóhannesson)
 og
Sigurði Kristjáni Kristinssyni
 (Egill Sigurgeirsson).

Strok úr fangelsi.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Pálmi Gunnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00, og ákærði Sigurður Kristján laun skipaðs verjanda síns, kr. 400. Allan annan kostnað við áfrýjun sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4860—61/1948: Réttvísinn gegn Pálma

Gunnari Kristinssyni og Sigurði Kristjáni Kristinssyni, — sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Pálma Gunnari Kristinssyni sjómanni, Ásvallagötu 35 hér í bæ, og Sigurði Kristjáni Kristinssyni verkamanni, Bergþórugötu 20 hér í bæ, báðum refsiföngum í vinnuhæli ríkisins, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður Pálmi Gunnar Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1927, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum: 1934 19/12 Kærður fyrir hnupl.

1938 12/3 Áminntur fyrir að hanga í bifreið.

1938 11/5 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólsgriind.

1939 14/4 Kærður fyrir spell. Brenndi stýri á reiðhjóli.

1939 7/5 Áminntur fyrir grjótkast.

1939 25/9 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum, málningu o. fl.

1939 31/10 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum o. fl.

1940 25/11 Kærður fyrir að hjóla ljóslaus.

1940 21/12 Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.

1941 14/1 Kærður fyrir þjófnað á 95 krónum.

1941 11/11 Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli. Alvarlega áminntur í viðurvist föður síns.

1942 3/6 Kærður fyrir hnupl á árabáti.

1942 16/9 Kærður fyrir að fara upp í bíl í heimildarleysi og láta hann renna á götunni.

1942 18/12 Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðinu og fyrir slæpingshátt.

1943 18/2 Kærður fyrir misferli með áfengi.

1939 og 1942 Ráðstafað til dvalar á sveitaheimili. Reyndist bæði latur og óknyttasamur.

1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi dags. 18/4 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærður skyldi háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá 18/4 '44—18/4 '45 og málið skyldi tekið upp að nýju, ef kærður gerðist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum.

1944 10/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaferi.

1945 15/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sumpart sbr. 20. gr., 247. gr. og 248 gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Skilorðstímann skal dómfelldur háður eftirliti þar til skipaðs manns og dveljast utan Reykjavíkur til fullnaðs 20 ára aldurs, og er sú ráðstöfun skilyrði fyrir niðurfalli refsingarinnar að 5 árum liðnum.

1945 2/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosn-

- ingarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna og áfengislögunum.
- 1945 21/12 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1946 17/1 Rvík. Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaganna.
- 1946 20/5 Rvík. Dómur sama réttar, 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 110. gr. og 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna. Staðfest í Hæstarétti 15/1 1947.
- 1947 4/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1947 7/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 28/7 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað.
- Ákærður Sigurður Kristján Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. janúar 1930, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:
- 1941 30/10 Kærður fyrir þjófnað á kaninum. Afgr. til barnaverndarnefndar.
- 1947 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini, fyrir þjófnað, nytjastuld og áfengis- og bifreiðalagabrot.
- 1947 14/6 Rvík. Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna og 17. sbr. 37. gr. áfengislaganna.
- 1948 24/4 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1948 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1948 24/5 Rvík. Sátt, 500 kr. sekt, fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.
- 1948 20/7 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna, áfengislögunum, bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.
- 1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað, nytjastuld og áfengis- og bifreiðalagabrot.

Eins og að framan segir, var kveðinn upp refsidómur yfir ákærðum hinn 18. f. m., og var ákærður Pálmi Kristinn dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, en ákærður Sigurður Kristján í 10 mánaða fangelsi

fyrir þjófnað o. fl. Dómurinn var kveðinn upp árdegis í hegningarhúsinu, þar sem ákærðir voru báðir í gæzluvarðhaldi.

Hafði ákærður Pálmi Kristinn verið í gæzluvarðhaldi frá 1. f. m., en ákærður Sigurður Kristján frá 6. f. m.

Ákærðir vildu báðir una dómnum, og voru þeir að uppkvaðningu dómsins lokinni látnir hefja úttekt refsinga sinna í hegningarhúsinu með samþykki dómsmálaráðuneytisins. Þegar þetta gerðist og fram að þeim atburði, sem mál þetta er höfðað vegna, voru ákærðir í fjögurra manna fangaklefa ásamt mönnum að nafni Andrés Björnsson og Viggó Guðbjartur Kristjánsson, sem báðir voru að afplána ölvunarsektir. Laust eftir kl. 5 síðdegis hinn 18. f. m., sama dag og dómurinn var kveðinn upp, struku ákærðir saman úr hegningarhúsinu. Þegar það gerðist, voru Andrés og Viggó Guðbjartur báðir utan klefans. Ákærðir fengu leyfi fangavarðar til að fara til salernis, en í sömu andrání þurfti fangavörður að sinna síma og leit því af ákærðum um stund. Þeir fóru þá vestur fangelsisganginn og út um opnar dyr á horninu út í vestri fangelsisgarðinn, upp á skúr, sem í garðinum stendur, og af honum stukku þeir upp á norðurmúr garðsins, niður af honum og á brott. Dyrnar út í garðinn voru opnar sökum þess, að verið var að þvo þvott í fangelsiskjallaranum, en venja er að hafa þessar dyr opnar, þegar þannig stendur á, enda talið, að garðurinn sé mannheldur. Lögreglunni tókst brátt að finna strokufangana, og voru þeir færðir aftur í hegningarhúsið kl. 7.15 síðdegis sama dag. Höfðu þeir, meðan á strokinu stóð, flækzt um bæinn.

Ákærður Sigurður Kristján hefur haldið því fram, að nokkrum dögum fyrir strokið hafi ákærður Pálmi Gunnar stungið upp á því við sig í fangelsisgarðinum, að þeir strykju úr fangelsinu, en hann kvaðst eigi þá hafa viljað taka þátt í þessu. Ákærður Pálmi Gunnar hefur neitað þessari skýrslu ákærðs Sigurðar Kristjáns, og verður hún því að teljast ósönnuð. Þegar ákærðir voru orðnir einir eftir í klefanum, svo sem áður segir, fóru þeir að tala um að strjúka og ákváðu að strjúka, þegar færi gæfist, en engar ráðagerðir höfðu þeir uppi um að beita fangavörðinn ofbeldi til að koma stroki í framkvæmd. Þeim kom saman um að hringja klefabjöllunni, og gerði ákærður Pálmi Gunnar það. Þeir sögðu fangaverðinum, sem opnadi fyrir þeim, að þeir þyrftu fram til salernis og þvotta. Fangavörðurinn leyfði þeim það, og orðu atburðir síðan þeir, sem að framan er lýst. Eigi höfðu ákærðir gert sér neina grein fyrir, hvert þeir ættu að strjúka né hvernig þeir skyldu komast undan eftirför lögreglunnar. Strokið, sem nú hefur verið lýst, þykir varða við 110. gr. hegningarlaganna. Með tilliti til þess, að ákærðum Pálma Gunnari hefur tvisvar áður verið refsað fyrir sams konar brot, þykir rétt að ákveða refsingu hans nokkru þyngri en refsingu ákærðs Sigurðar Kristjáns. Þykir refsing ákærðs Pálma Gunnars hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en refsing ákærðs Sigurðar Kristjáns fangelsi í 6 mánuði. Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda

þeirra, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærður Pálmi Gunnar Kristinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.
 Ákærður Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.
 Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin máls-
 varnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr.
 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1949.

Nr. 168/1948. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Einar Arnórsson)
 gegn

Yngva Kristni Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Farmi á bifreið ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, var svo háttað, að ákærða bar við akstur bifreiðarinnar að gæta ýtrustu varkárni. Þar, sem slysið varð, var vegurinn þröngur og útsýn byrgð. Er ákærði ók inn á þenna kafla vegarins, bar honum að gefa hljóðmerki og aka mjög hægt. Ákærði gaf ekki hljóðmerki, og eigi þykir hann, eins og á stóð, hafa dregið nægilega úr hraða bifreiðarinnar. Hefur hann því brotið refsí-
 ákvæði þau, er greinir í héraðsdómi, svo og 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað má staðfesta.